

Alþingi
Erindi nr. P 138/2543
komudagur 26.5.2010



25.5.2010
1A3g/38/345/LÓ/l6

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Efni: Tillaga til þingsályktunar um bólusetningu barna gegn pneumokokkasýkingum, 465 mál.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins þakkar fyrir að fá að gefa álit á umræddri tillögu til þingsályktunar.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er umtalsverður ávinningur af bólusetningum gegn pneumokokkasýkingum. Bólusetningarnar falla vel að almennu barnabólusetningunum og eru án verulegrar áhættu.

Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins er hlynnt því að umrædd bólusetning verði tekin upp. Jafnframt vill HH minna á að um þessar mundir er mikill niðurskurður í heilbrigðisþjónustunni og því mikilvægt að að því verði gætt að nýir kostnaðarliðir ýti ekki öðrum þáttum til hliðar sem nauðsynlegir eru og skilað hafa árangri. Má þar nefna aðgengi sjúkra að heilsugæslunni. Því getur varðað miklu hvenær bólusetningin verði tekin upp en ekki verður lagt mat á það hér.

Virðingarfyllst,



Lúðvík Ólafsson
lækningaforstjóri